

Samantekt: Ryður viðbótarlífeyrissparnaður burt öðrum frjálsum sparnaði?

Nemandi: Ólafur Þórisson

Sérsvið: Fjármálahagfræði

Dagsetning: Maí 2008

Markmið þessarar rannsóknarritgerðar er að svara því hvort að viðbótarlífeyrissparnaður hafi rutt burt öðrum frjálsum sparnaði. Lífeyrissjóðir landsmanna hafa aukið hlutdeild sína gríðarlega og eru þeir langstærsti sparnaðarþáttur landsmanna. Viðbótarlífeyrissparnaður hefur aukist mikið undanfarin ár. Tilvist þessa sparnaðarforms kann að auka sparnað, þótt það sé umdeilanlegt, því viðbótarlífeyrissparnaður kann að draga úr frjálsum sparnaði á móti. Í ritgerðinni er farið yfir vöxt viðbótarlífeyrissparnaðar og samspil hans við annan frjálsan sparnað. Þróun annars sparnaðar er skoðuð fyrir og eftir árið 1999 en það ár setti Alþingi hvata í lög um tekjuskatt á þann veg að launamönnum væri heimilt að draga allt að 4% af tekjum frá skatti ef þeir leggðu í viðbótarlífeyrissparnað. Auk þess að skoða þessar stærðir voru tekin viðtöl við framkvæmdastjóra fjögurra stærstu séreignarlífeyrissjóðanna. Einnig er farið yfir aukna skuldsetningu heimilanna undanfarin ár og velt því upp hvort að hin mikla skuldsetning íslenskra heimila undanfarin ár skýrist að einhverju leyti af því öryggi sem felst í mikilli lífeyriseign.

Rannsóknin samanstendur því af fræðilegri umfjöllun, úttekt á þekktu efni og rannsókn sem byggð er á reynslu eða athugun. Hluti ritgerðarinnar er rannsókn á 4 stærstu séreignarlífeyrissjóðum landsins. Rætt var við framkvæmdastjóra sjóðanna og fjárfestingarleiðir þeirra skoðaðar sem og sérstaða hvers sjóðs var tekin til athugunar. Rannsóknarspurningin var borin upp fyrir framkvæmdastjórnanna sem og spurt út í hvaða endurbætur mætti gera á lagaramma fyrir séreignarlífeyrissparnað í þeirri von að efla þetta sparnaðarform og styrkja sparnaðarvitund almennings.

Megin niðurstaða rannsóknarritgerðarinnar er sú að fjáreignir heimila án lífeyrissjóða hafa vaxið og er vöxtur þeirra mun meiri tímabilið eftir innleiðingu viðbótarsparnaðar heldur en fyrir daga þess sparnaðarforms. Því er ljóst að viðbótarlífeyrissparnaður hefur ekki komið í stað annars sparnaðar nema í óverulegu mæli þar sem talsverð aukning hefur verið í öðrum sparnaði síðustu ár.